



## 9. stjórnarfundur LH

**Haldinn í Laugardal 8. maí 2015 og hófst hann kl 15:00**

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir, Eyþór Jón Gíslason, Ólafur Þórisson og Rúnar Þór Guðbrandsson. Einnig sátu fundinn Berglind Ragnarsdóttir bókari félagsins, Vera Vilhjálmsdóttir starfsmaður LH og Áskell Heiðar Ásgeirsson nýr framkvæmdastjóri Landsmóts.

Fundargerð ritaði: Vera Vilhjálmsdóttir

### Dagskrá:

#### 1. Kynning á Litla Mosa

Jóna Dís Bragadóttir kynnti stuttlega verkefnið, finnst þetta spennandi framtak og spurning um að aðstoða þau við að sækja um styrki fyrir verkefnið. Aðstandendur verkefnisins komi og verði með kynningu fyrir stjórn LH síðar.

#### 2. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

#### 3. Kynning á framkvæmdastjóra Landsmóts 2016 og sumarstarfsmanni LH

Lárus Ástmar Hannesson kynnti nýjan framkvæmdastjóra Landsmóts 2016, Áskell Heiðar Ásgeirsson, og bauð hann velkominn til starfa. Áskell Heiðar sagðist spenntur fyrir verkefninu og hlakka til að byrja. Sagðist vilja kynnast sem breiðustum hópi af hestamönnum af landinu öllu til að fá hugmyndir og hjálp við undirbúninginn, þar sem Landsmót væri fyrir alla hestamenn, ekki bara Skagfirðinga eða norðanmenn.

Lárus kynnti líka Veru Vilhjálmsdóttur, sem kemur aftur inn sem sumarstarfsmaður í sumar og er hún boðin velkomin til starfa.

#### 4. Kynning á nýjum bókara LH og staða fjármála.

Síðastliðið haust þegar stjórnin byrjaði, var stungið upp á því að láta bjóða í bókhaldið fyrir LH og var farið af stað að leita að tilboðum. Berglind Ragnarsdóttir kom með það tilboð sem þótti vænlegast og var hún fengin í verkefnið. Berglind þekkir líka til hestaumhverfisins og býður upp á góða þjónustu.

Ólafur Þórisson, gjaldkeri LH, greinir frá því að fjárhagsstaða LH sé ágæt, verið sé að rukka inn félagsgjöldin og eru þau að detta inn núna. Aftur á móti sé undirbúningur að heimsmeistaramóti í Herning að fara á fullt og þar sé von á stórum útgjaldaliðum sem huga þarf að. Félögin voru þó ekki öll búin að skila inn ársskýrlum fyrir tiltekinn tíma, svo það mætti skoða hvort ætti að setja einhver viðurlög við slíku í framtíðinni.

Bókun; núna þegar Ólafur og Berglind eru komin inn í fjármál LH, þá fari þau í sameiningu vel yfir bókhaldið og greini hvern lið til að sjá hvar hægt sé að gera betur. Berglind sundurliði einnig kostnaðarliði fyrir hvern viðburð LH svo meiri yfirsýn fái st yfir hvað fari út og inn.



## 5. Íslandsstofuverkefni

Lárus spyr um stöðuna á verkefninu og þakkar um leið þeim Rúnari Þór Guðbrandssyni og Jónu Dís Bragadóttur fyrir að taka það að sér. Rúnar Þór segir þetta stórt tækifæri fyrir hestamenn til langtíma markaðssetningu á íslenska hestinum. Þetta sé þriðja verkefnið af þessu tagi sem Íslandsstofa tekur að sér, sem er að aðstoða við að marka heildstæða og markvissa markaðsstefnu fyrir ákveðinn málaflokk. Íslandsstofa borgar kostnaðinn fyrsta árið, sem áætlað sé að verði um 12 milljónir króna og tekur að sér þarfagreiningu og að útbúa kynningarefnið. Í framhaldi af því sé hægt að framlengja verkefninu um 3-4 ár ef sameining er um það meðal hestamanna og kæmi fjármagnið þá frá ríkinu og greininni sjálfri, en áætlað er að það muni kosta um 80 milljónir í heild.

Fyrsti kynningarfundurinn var í byrjun maí í Borgarnesi og var öllum opinn. Eftir kynningarfundinn gat fólk skráð sig í vinnuhópa og voru fyrstu vinnufundirnir haldnir mánudaginn 4. maí, með öfluglu fólki í hestatengdri starfssemi. Annar fundur verður síðan haldinn mánudaginn 11. maí, einnig opinn öllum, þar sem samkeppni og aðgerðir á markaðnum verða tekin fyrir. Eftir fundina tekur Íslandsstofa yfir og fer yfir hvað kom útúr þessum fundum og vinnur að efni til útgáfu í samræmi við þær niðurstöður.

Jóna Dís tekur undir að þetta sé einstaklega stórt og mikilvægt tækifæri fyrir íslenska hestamennsku sem beri að nýta sem best, og að það hafi verið mikil jákvæðni í þeim sem mættu á fyrsta kynningarfundinn.

## 6. Ráðstefna um Landsmót

Jóna Dís greinir frá því að áfram sé verið að ræða fyrirkomulagið á ráðstefnunni. Henni var frestað fram á haust vegna ónægrar þátttöku félaganna, en allt sé í raun tilbúið fyrir hana en það þurfi að finna nýja dagsetningu. Einnig þurfi að kynna markmiðin með ráðstefnunni betur sem á fyrst og fremst að snúast um framtíðar fyrirkomulag á landsmótunum almennt séð.

## 7. Hvatning til félaga vegna léttari keppnisgreina

Stjórn LH lýsir yfir ánægju með aukinni þátttöku í keppnum á meðal áhugamanna. Einnig er jákvætt hvernig mótshaldarar hafa brugðist við þessari þróun með því að bjóða uppá léttari flokka í íþróttakeppni og C - flokk í gæðingakeppni.

## 8. Staðan á Herning

Lárus formaður hafði talað við Andreu sem lét þokkalega af þessum málum og sagði að verið sé til dæmis að vinna að menningartengdum viðburðum. Rúnar Þór greinir frá því að undirbúningur gangi ágætlega og sé á áætlun. Allir vilja gera sitt besta en það þurfi að fara að spíta í lófana með ákveðna málaflokka. Jóna Dís segir stöðuna góða hjá landsliðsnefnd og að allt sé í réttum farvegi þar. Fer yfir ýmis mál tengd störfum landsliðsnefndarinnar, þar á meðal að verið sé að ljúka vinnu við lykिलinn sem verði líklega kynntur í næstu viku og kynnir að hugmyndir séu uppi um sér þjálfara fyrir bæði ungmennin og kynbótaknapana, sem munu þó heyra undir liðsstjórnann og vinni í samstarfi við hann.



## 9. Fundur með keppnisnefnd vegna valreglna

Keppnisnefnd þarf að komast í gang fyrir keppnistímabilið til að hafa púlsinn á þessu. Fá fund með keppnisnefnd og valnefnd til að fara yfir hvað sé til af skriflegum gögnum og til að skapa fasta ramma utan um þessi mál. Fá líka fund með tölvunefndinni til að ræða hvernig hægt sé að vinna þessi mál betur í kerfunum.

## 10. Önnur mál

Bergljót Rist og Sveinn Atli Gunnarsson hjá Íslenka hestinum eru tilbúin til að taka Skógarhóla aftur að sér í sumar. Ólafur gjaldkeri leggur til að láta þau sjá um þetta áfram í sumar til að halda starfseminni gangandi en að endurskoða þurfi framhald starfseminnar í haust og leggur einnig til að Skógarhólar ehf verði lagt niður.

Stjórn felur formanni og gjaldkera að ganga til samninga við ofangreinda fyrir sumarið 2015.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 16:40.